

YFIRLÝSING

um samstarf félagsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins

um móttöku flóttamanna á Íslandi

Félagsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafa ákveðið að hefja formlegt samstarf um móttöku flóttamanna á Íslandi í samræmi við sjónarmið flóttamannanefndar og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, The United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR).

Vinnubrögð íslenskra stjórnvalda við móttöku flóttamanna hafa vakið athygli á vettvangi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem hefur óskað eftir því að sú aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir hér á landi verði nýtt sem fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir. Markmiðið með yfirlýsingu þessari er að renna styrkum stöðum undir reglulega móttöku flóttamanna hér á landi og samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðuneytið mun frá og með árinu 2007 greiða kostnað við móttöku flóttamanna og félagsmálaráðuneytið mun annast framkvæmd móttökunnar í samvinnu við flóttamannanefnd og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna samkvæmt sérstöku samkomulagi sem ráðuneytin gera um verklag og yfirflutning á fjármunum.

Félagsmálaráðherra og utanríkisráðherra munu sameiginlega, að fenginni tillögu frá flóttamannanefnd, leggja til við ríkisstjórn að tekið verði á móti tilteknum fjölda flóttafólks frá tilteknu landi. Íslensk sendinefnd mun fara til dvalarlands flóttamanna, taka viðtöl við flóttafólkið og kynna því íslenskt samfélag. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um einstaklinga og fjölskyldur sem boðið verður að koma til Íslands sem flóttamenn. Allur undirbúningur verður unninn í náinni samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Gerðir verða samningar við tiltekin sveitarfélög annars vegar og Rauða kross Íslands hins vegar um aðstoð og þjónustu við flóttafólkið hér á landi.

Reykjavík, 15. febrúar 2007,

F. h. félagsmálaráðuneytisins

F. h. utanríkisráðuneytisins

Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra

Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra